

Fréttabréf Grunnskólans Hofsósi

6. nóvember 2014

Ágætu foreldrar/forráðamenn.

Í þar síðustu viku voru nemendur 9. bekkjar með kaffihús í Fljótunum og var mætingin virkilega góð. Svo enduðu nemendur þá viku með flottri nýsköpunarsýningu og óhætt er að segja að þar hafi komið margar góðar hugmyndir. Einnig tókum við þátt í spurningakeppni grunnskólanna og fyrir hönd skólans tóku þátt Ólöf Birna, Heimir Sindri og Ófeigur Númi og stóðu þau sig með stakri þryði. Á lokadegi októbermánaðar var haldið hrekkjavökuball fyrir 8.-10. bekk og sáust þar nemendur í alls kyns gervum.

Dagur gegn einelti

Dagurinn 8. nóvember er helgaður baráttunni gegn einelti í samfélaginu. Dagurinn verður að þessu sinni haldinn hátíðlegur í fjórða sinn föstudaginn 7. nóvember til að skólar geti nýtt virkan skóladag til að huga að þessu mikilvæga málefni. Á föstudeginum munu nemendur ganga hönd í hönd að kirkjunni og syngja lög, en kirkjubjöllunum verður hringt af þessu tilefni.

Marítafræðsla

Þriðjudaginn 11. nóvember kemur Magnús Stefánsson frá Marítafræðslunni á Íslandi og verður með forvarnafræðslu fyrir unglingastigið; kl. 12:40-14:00 fyrir 9. og 10. bekk og kl. 14:00-15:20 fyrir 7. og 8. bekk. Kl. 16:00-17:15 verður svo haldinn fræðslufundur fyrir foreldra 7.-10. bekkjar.

Foreldraviðtöl

Foreldraviðtöl verða fimmtudaginn 13. nóvember. Þann dag fara nemendur heim á hádegi. Umsjónarkennarar senda út nánari skipulagningu fyrir daginn.

Jól í skókassa

Í ár ætlum við að taka þátt í verkefninu "Jól í skókassa" en það er alþjóðlegt verkefni sem felst í því að fá börn jafnt sem fullorðna til þess að gleðja önnur börn sem lifa við fátækt, sjúkdóma og erfiðleika með því að gefa þeim jólagjafir. Nánari upplýsingar um verkefnið er að finna á slóðinni <http://www.kfum.is/skokassar/>

Hver bekkjardeild ætlar að setja í tvo skókassa, einn fyrir dreng og annan fyrir stúlku.

Umsjónarkennarar munu koma frekari skilaboðum áleiðis heim til foreldra/forráðamanna.

Merking fatnaðar

Skólinn vill koma þeim skilaboðum áleiðis að biðja foreldra/forráðamenn að merkja fatnað nemenda.

Bestu kveðjur,

Starfsfólk Grunnskólans austan Vatna, Hofsósi